



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til breytinga á áfengislögum, nr. 75/1998. DMR23010053
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Dómsmálaráðuneyti Skrifstofa almanna- og réttaröryggis
Innleiðing EES- gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	3. janúar 2023

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga og tilefni:

Framleiðsla áfengis til einkaneyslu er með öllu bönnuð og refsiverð, sbr. a. liður 2. mgr. 4. gr. áfengislaga nr. 75/1998, þar sem tiltekið er að það varði refsingu, þótt ekki sé í atvinnuskyni, að framleiða áfengi til einkaneyslu eða sölu. Áfengi telst vera sá vökvi sem er neysluhæfur og inniheldur meira en 2,25% af hreinum vínanda, sbr. 2. gr. áfengislaga. Umrætt bann hefur verið í gildi á Íslandi um langt skeið. Þrátt fyrir bannið hefur framleiðsla áfengis til einkaneyslu, oftast kallað heimabruggun, tíðkast í seinni tíð víða í samfélaginu fyrir opnum dyrum.

Á undanförunum árum hefur orðið til rík menning heimabruggunar, þá sérstaklega á bjór, samhliða vexti handverksbrugghúsa sem hafa hafið starfsemi sína um land allt. Félög hafa verið stofnuð utan um heimabruggun áfengis til einkaneyslu, námskeið um slíka bruggun verið auglýst opinberlega og almenn umræða átt sér stað fyrir opnum tjöldum um athæfið. Almennur virðist lítt upplýstur um að heimabruggun áfengis til einkaneyslu feli í sér refsiverðan verknað, sem bendir til þess að réttarvitund almennings kunni að vera á skjön við hið lögfesta og fortakslausa bann í 4. gr. áfengislaga. Með vísan til framangreinds er talið tímabært að taka til skoðunar hvort enn séu rök fyrir því að skilgreina heimabruggun sem refsiverða háttsemi samkvæmt lögum.

Með frumvarpi til breytinga á áfengislögum er ráðgert er að afnema bann við heimabruggun á áfengi til einkaneyslu. Þó er gert ráð fyrir því að áfram verði óheimilt að framleiða áfengi til einkaneyslu með eimingu, en það er m.a. til samræmis við löggjöf á Norðurlöndunum. Þá verður einnig áfram óheimilt að stunda heimabruggun í því skyni að selja afurðina, enda er þá um atvinnustarfsemi að ræða sem er leyfis skyld samkvæmt lögum og reglum þar að lútandi.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að leggja til breytingar á áfengislögum nr. 75/1998. Hinar fyrirhuguðu breytingar munu fela í sér afnám á banni við framleiðslu áfengis til einkaneyslu með gerjun. Þó er áformað að áfram verði bannað að framleiða áfengi til einkaneyslu með eimingu.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Gildandi lög og reglur banna heimabruggun áfengis til einkaneyslu með fortakslausum hætti og er því nauðsynlegt að afnema bannið til að ná fram markmiðum frumvarpsins.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki Að vernda viðkvæma hópa fyrir skaðlegum áhrifum áfengis og annarra vímuegja og draga úr skaða og fjölda dauðsfalla vegna eigin neyslu eða annarra á áfengi. 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda Markmiðið með lagasetningunni er að afnema bann við heimabruggun á áfengi. Þó er ekki talið rétt að afnema bann við framleiðslu áfengis til einkaneyslu með eimingu. Ekki er talið að áform þessi um lagabreytingar séu andstæð þeirri stefnu sem ríkt hefur um áfengismálefni hér á landi. Sem fyrr segir þá er heimabruggun áfengis víða stunduð á Íslandi þrátt fyrir gildandi bann og því ófyrirséð hvort heimabruggun muni aukast verði bannið afnumið. Umrætt bann virðist því hafa takmörkuð varnaðaráhrif í dag. Þá er einnig óljóst hvort að áfengisneysla muni aukast vegna lagasetningarinnar, en líklega myndi aukin neysla á áfengi sem er bruggað til einkaneyslu koma í stað annarrar neyslu áfengis, frekar en að vera viðbót við aðra neyslu.
C. Leiðir 1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Verði ekkert aðhafst verður áfram refsivert að brugga áfengi til einkaneyslu. 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið Nauðsynlegt er að beita lagasetningu til að ná fram markmiðum frumvarpsins. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu Breyting á ákvæðum áfengislaga nr. 75/1998.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna? 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni Sjá A-C liði. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Fyrirhugað er að heimila framleiðslu áfengis með gerjun til einkaneyslu. Áfram verður refsivert að framleiða áfengi til einkaneyslu með eimingu.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Fágún, félag áhugafólks um gerjun, Samtök íslenskra handverksbrugghúsa, Neytendasamtökin, Embætti landlæknis, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök atvinnulífsins, Félag atvinnurekenda, Samtök iðnaðarins. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Fjármálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram Ekkert samráð hefur farið fram. 4. Fyrirhugað samráð

Fyrirhugað er að leita almenns samráðs í samráðsgátt stjórnvalda.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð. Það liggur ekki fyrir hvort og þá hvernig frumvarpið kunni að hafa áhrif á lýðheilsu. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi fjárhagsáhrif á sveitarfélögin. Ekki er ástæða til að ætla að áfengisneysla, og sá vandi sem henni kann að fylgja og sem kann að birtast með ólíkum hætti milli kynja, muni aukast verði frumvarpið að lögum.
H. Næstu skref, innleiðing
Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina? Nei. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Á ekki við. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Á ekki við. Mælikvarðar á árangur og útkomu Á ekki við. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Á ekki við.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað